


RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1996

X

FORNAR BYGGINGALEIFAR Á
BREIÐABÓLSTAÐ Í VESTURHÓPI

Guðmundur Ólafsson
Hjörleifur Stefánsson



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2012



Loftmynd af Breiðabólstað í Vesturhópi, fengin af heimasíðu Þjóðskrár Íslands. Bæjarhúsin eru til vinstri og kirkjan með kirkjugarði til hægri. Könnunarskurðirnir fjórir hafa verið settir inn á kortið. (Fasteignamat ríkisins/Loftmyndir ehf. 2009)

© Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson/Hjörleifur Stefánsson
Öll réttindi áskilin.

Skýrsludrög eru frá 1996.

Forsíðumynd: Afstöðumynd af Breiðabólstað (Hjörleifur Stefánsson).



Mynd 1. Nýju girðingarstaurarnir við norðausturhorn kirkjugarðsins á Breiðabólstað. Tilhöggnu steinarnir sem komu í ljós eru á miðri mynd. Í baksýn er íbúðarhúsið á Breiðabólstað (GÓL-1996-21-14).

1. Aðdragandi

Í júlímánuði 1996, er verið var að grafa fyrir staurum í nýja girðingu utan um kirkjugarðinn á Breiðabólstað í Vesturhópi, Vestur-Húnavatnssýslu, komu upp tveir tilhöggurnir steinar. Annar var úr rauðu þursabergi, tilhöggvinn ferstrendingur með stórgerðum “prófil” á einni hliðinni. Hinn steinninn var úr grágrýti, tilhöggvinn sem innhorn, þ.e. íbjúg kverk var eftir allri hliðinni, e.t.v. með fíngerðari brúnum. Prófillinn var mjög veðraður. Endafletir voru ekki veðraðir í sama mæli og þar voru greinileg meitilför. Þótti þetta benda til að þarna hefði staðið fornt mannvirki sem gert var úr tilhöggnu grjóti. Rifjaðist þá upp frásögn um byggingu kirkju úr steini sem reisa átti á 12. öld. á Breiðabólstað. Var Þjóðminjasafni gert viðvart um fundinn og fóru skýrsluhöfundar á vettvang til að kanna fundarstaðinn betur.

2. Heimildabrot úr sögu Breiðabólstaðar

Í landnámu er sagt frá því að Sóti hafi maður heitið sem nam Vesturhóp og bjó hann undir Sótafelli. Um hann er ekki fleira sagt í rituðum heimildum en talið er að hann hafi búið þar sem nú heitir Breiðabólstaður.¹

Hafliði Másson var Goðorðsmaður á Breiðabólstað í byrjun 12. aldar. Hann var höfðingi mikill og frá honum sagt í Sturlungu og Landnámu. Hafliði er talinn hafa fyrstur manna fært íslensk landslög í letur árið 1117-1118.² Hann deildi við Þorgils Oddason á Staðarhóli í Saurbæ og hjó Þorgils af Hafliða þrjá fingur. Hafliði krafðist offjár í bætur. Skafta Þórarinssyni presti á Mosfelli varð þá að orði: “*Dýr mundi Hafliði allur, ef svoskyldi hver limur*” Er það síðan haft að orðtaki.³

¹ Íslensk fornrit I. Landnámabók. 1968:214.

² Íslensk fornrit I. Íslendingabók. 1968:23-24.

³ Sturlungasaga I. 1988:7-46.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af kirkjunni og nýju girðingunni. Tilhöggnu steinarnir fundust við norðvesturhorn kirkjugarðsins þar sem mennirnir standa. Könnunarskurður númer 3 sést lengst til hægri. (GÓL-1996-21-10).

Haflíði var tvígiftur. Seinni kona hans var Rannveig Teitsdóttir, Ísleifssonar biskups, Gizurarsonar. Meðal barna þeirra var Valgerður sem átti Ingimund prest Illugason. Faðir hans var Illugi Bjarnason prestur, sá sem gaf upp föðurleif sína á Hólum í Hjaltadal svo þar mætti setja á stofn biskupsstól.⁴ Illugi fluttist að Breiðabólstað og mun hafa verið þar til æviloka.

Þegar Jón Arason flutti fyrstu prentsmiðjuna til landsins, telja sumir að hún hafi fyrst verið sett upp og starfrækt á Breiðabólstað, áður en hún var flutt að Hólum. Ágreiningur er um þetta, en nefnt hefur verið að Jón sænski Matthíasson prentari fékk prestsembætti á Breiðabólstað árið 1534. Prentsmiðjan hefur vafalaust fylgt honum og því skiptir t.d. máli hvort hún var flutt til landsins árið 1528 eða 1534, þegar rætt er um hvar hún var fyrst notuð.⁵

Kirkjubyggingar á Breiðabólstað

Af ofangreindun heimildum má ætla að Haflíði hafi ráðið Illuga til sín sem prest á Breiðabólstað og að þar hafi jafnvel þá þegar verið kirkja á staðnum. Reyndar er líklegt að kirkja hafi reist á Breiðabólstað, eins og á flestum stórbýlum landsins, skömmu eftir kristnitöku þó engar heimildir séu varðveittar um það.

Í niðurlagi Kristnisögu segir frá Illuga Ingimundarsyni “..., er druknaði, þá er hann flutti lím til steinkirkju þeirrar, er hann ætlaði að gera á Breiðabólstað í Vestrhópi.”⁶

Talið er að Illugi þessi hafi verið sonarsonur Illuga Bjarnasonar prests á Hólum, þ.e. sonur Illuga og Valgerðar Haflíðadóttur og að atburðurinn hafi átt sér stað um 1150. Ekki eru þekktar aðrar ritaðar heimildir um steinkirkju á Breiðabólstað.

⁴ Páll E. Ólafsson. 1948. Íslenzkar æviskrár.

⁵ Ágúst Ólafsson 1963:338, Klemens Jónsson 1930:3-6; Ingi Rúnar Eðvarðsson 1994:29.

⁶ Biskupa sögur, Kristnisaga I:32.



Mynd 3. Horft yfir skurð 1. Í botni er gólfskán með hellulögn til hægri, þar sem ein hellan stendur upp á rönd. Vinstra megin sést steinahrúga í lítilli gryfju eða soðholu, sem birtist þegar gólfskánin var skafin ofan af. Efst til vinstri er stóra grjóthleðslan frá 16. – 19. öld. (GÓL-1996-21-5).

3. Rannsókn

Grafnir voru fjórir könnunarskurðir til þess að reyna að komast að því hvort hinir tilhöggnu steinar gætu verið efniviður úr hinni fornu steinkirkju sem Illugi prestur ætlaði að reisa um 1150. Teiknuð var grunnmynd af hleðslum í skurði 1 og 2 og snið var teiknað af mannvistarlögum í skurði 1.

Skurður I

Skurður 1 var tæplega 3 m langur og allt að 2 m breiður og í honum fundust allmörg mannvistarlög og mannvirki sem teiknuð voru upp bæði í fletti og í sniði. Hann var í norðvesturhorni kirkjugarðsins, 60 cm inn af nýjum hornstaur kirkjugarðsins.

Sniðteikning:

Sniðið sýnir mannvistarlögin í suðurbakka í skurði 1 sem voru þar allt að 1,4 m að þykkt.

Lag 1. Grasrót.

Lag 2. Torf, með rauðum, svörtum og gulbrúnum torfum.

Lag 3. Þursaberg, sundursprungið.

Lag 4. Grjóthleðsla, tilhöggvir stórir steinar úr þursabergi (M3).

Lag 5. Torfhleðsla, með rauðum, svörtum og gulbrúnum torfum (M2).

Lag 6. Dökkbrún mold, hugsanlega torf.

Lag 7. Yrjött mold, brún, ljósbrún, rauðbrún og grábrún.

Lag 8. Brún mold.



Mynd 4. Grunnmynd af skurði 1 og skurði 2, sem teknir voru við norðvestur horn kirkjugarðssins sem verið var að girða af (Hluti af teikningu 1. Guðmundur Ólafsson).

Lag 9. Dökkbrún mold með beinaleifum.

Lag 10. Mannvistarlag, brún og dökkbrún mold blönduð gráum linsum.

Lag 11. Mannvistarlag, rauðbrún mold blönduð gráum linsum.

Lag 12. Gólfskán, gráleit, blönduð viðarkolum, beinum og brenndum beinum.

Hellulögn var neðst í þessu lagi, norðan við sniðið.

Lag 13. Steinar í gryfju.

Lag 14. Seyðir. Dálítill hola sem í var grá mold, blönduð viðarkolum, beinum og brenndum beinum, undir og á milli steina. Sýni var tekið úr þessu lagi.

Lag 15. Gulbrún leirblandin mold, malarblönduð efst. Óhreyfður jarðvegur.

Lag 16. Gjóska, dökkgrá að lit, um 1 cm að þykkt.


Lag 17. Hleðslugrjót, grágrýti rétt undir yfirborði (M1).

Mannvirki 1 (M1). Grjóthleðsla úr grágrýti um 10 - 15 cm undir yfirborði 1, bæði í skurði 1 (Lag 17) og í skurði 2.

Mannvirki 2 (M2). Torfhleðsla. Efsti hluti hennar var um 20 cm undir yfirborði í holu 1 og botninn er um 65 cm undir yfirborði. Torfið var mýrartorf, rautt, brúnt og hvítt að lit. (Lag 5).

Mannvirki 3 (M3). Grjóthleðsla úr dökkbrúnu þursabergi. Efsti hlutinn var um 10 cm undir yfirborði (Lag 3) og neðsti um 80 cm undir yfirborði (Lag 4). Steinarnir virtust vera tilhögggnir og nokkuð svipaðir að stærð, a.m.k. um 60 cm langir, 30 cm þykkir og um 40 cm háir. Ekki var hægt að gera sér nægilega vel grein fyrir gerð hleðslunnar í prufuskurðunum sem teknir voru, m.a. vegna þess að steinarnir, einkum þeir efstu, voru mjög sundursprungnir af frosti og veðrun. Hleðslan virðist vera tvöföld, en steinninn gæti upphaflega hafa verið heill í hleðslunni, þó að hann hafi klofnað síðar. Hleðslan virtist vera aðeins bogadregin og um 1 m að breidd. Efsti hluti hleðslunnar, sem voru líklega leifar efri steinraðar, hafði molnað niður í smátt og erfitt að greina upphaflega stærð steinanna. Hugsanlega eru tilhögggnu steinarnir (1996:153-157) komnir úr þessari hleðslu, sem gæti hafa verið gamall kirkjugarðsveggur.

Mannvirki 4 (M4). Neðst í skurði 1 komu í ljós leifar af fornu íveruhúsi. Það lá ofan á óhreyfðri mól og þar sem nokkur efstu óhreyfðu lögin vantar undir gólfinu virðist gólfið í húsinu hafa verið niðurgrafið um 10 cm. Greinileg gólfskán (lag 12) var í þessu húsi og lá gólfskánin ofan á þunnar hellur sem þöktu hluta gólfsins. Hluti af um 20 cm djúpri og allt að 40 – 50 cm breiðri gryfju var neðst í gólfskáninni og virtist tilheyrja henni. Gryfjan var full af hnefastórum, 10 – 20 cm stórum steinum, viðarkolum og á milli steinanna og undir þeim, í botni gryfjunnar, voru bæði brennd og óbrennd bein (Lög 13 og 14). Líklega hefur gryfjan verið lítill seyðir. Við hlið gryfjunnar var 10 cm breið stoðarhola.



Mynd 5. Snið sem sýnir suðurbakka skurðar 1 sem sýnir afstöðu helstu mannvistarlaganna í skurðunum. Númerin eru skýrð í texta hér að framan (Hluti af teikningu 1. G.Ó.).

Skurður II

Í þessum skurði var um 90 cm niður á óhreyft jarðlag, gulbrúna leir- og sandblendna mold. Ofan á gulbrúna moldinni var um 1,5 cm þykkt dökkgrátt gjóskulag og var tekið sýni úr því (ÞJMS 1996:166). Ekki var ljóst hvort um sama gjóskulag er að ræða

og fannst í skurði 1. Yfir gjóskunni var um 4 cm þykkt dökkbrúnt mannvistarlag fyrir miðjum skurði.



Mynd 6. Frumteikning af svæðinu sem sýnir skurði 1 og tvö ásamt sniðteikningu úr skurði 1 með skýringum á einstökum lögum (Teikning 1. Guðmundur Ólafsson).

Í skurðinum var ekki hægt að sjá neina skýra gólfskán eins og í skurði 1, en neðsta mannvistarlagið, þó óskýrt væri, hefur sennilega tilheyrt mannvirki 4 (M4) í skurði 1. Síðan koma mannvistarlög og blönduð mold. Stóra garðhleðslan (M3) var hér um 50 cm undir yfirborði og var a.m.k. um 70 cm breið. Yngsta steinhleðslan (M1) úr grágrýtinu í skurði 1, fannst líka vestast í skurði 2, í línu við nýju girðinguna, og var þar um 40 cm undir yfirborði.



Mynd 7. Horft til vesturs yfir skurð 3. Stór flöt hella lá yfir stærsta hluta skurðarins. (GÓL-1996-21-8).

Skurður III

Könnunarskurðurinn var grafinn í túnið milli kirkju og bæjar. Hann var um 4 m langur og um 60 -70 cm breiður. Á 94 cm dýpi var komið niður á stóra rauða hellu, nefnd mannvirki 5 (M5), sem náði næstum því yfir allan skurðinn nema nyrsta hluta hans. Hún var á 94 cm dýpi neðst og 11 cm dýpi efst. Henni hallaði nokkuð niður á við til suðvesturs, þannig að um 30 cm hæðamunur var á yfirborði efsta og neðsta hluta hellunnar. Örpunn grá leirskán lá rétt yfir hellunni og í efsta hluta hennar var

hrúga af skeljum og kalki, allt að 1 - 2 cm að þykkt. Hellan var a.m.k. 3,5 m að lengd og breiðari en skurðurinn sem var um 70 cm breiður. Þykkt hennar var um 10 cm.

Undir hellunni mátti grein fremur óljós mannvistarlög sem voru allt að 25 cm að þykkt. Óbrenndar beinaleifar, brún, dökkbrún og grá blönduð mold, viðarkolaagnir og gráleitt lag rétt undir hellunni sýndu þó að svo ekki var um villst að um mannvistarlög var að ræða. Hellan er því augljóslega aðflutt á staðinn.

Í bökkum skurðsins sást að jarðvegi hafði verið bætt ofan á þetta svæði, um 30 cm við vestari enda skurðarins en um 50 cm við austari enda hans. Þessi jarðvegur gæti hafa komið úr hleðslum gamla bæjarins, þegar hann var jafnaður við jörðu, eða úr gömlum garði. Ef horft er framhjá þessum viðbótarjarðvegi voru um 50 cm niður á rauðu helluna.

Erfitt er að áætla mikið um aldur hellunnar af samhenginu. Þykkt mannvistarlaga undir henni benti þó til þess að hún væri ekki frá fyrstu öldum byggðar og því líklega mun yngri en mannvirki 4. Dýpt hennar í jörðu benti jafnframt til þess að hún hefði legið þar mjög lengi, og gæti því hugsanlega verið jafngömul eða eldri en stóra grjóthleðslan (M3) í skurðum 1 og 2. Vegna fjarlægðar frá þeim verður þó auðvitað að taka slíkan samanburð með nokkrum fyrirvara.

Mannvirki 5 (M5). Hugsanlega hefur stóra steinhellan, sem fannst í skurði 3, tilheyrt mannvirki sem byggt var úr steini, eða verið efniviður í slíkt mannvirki. Um slíkt er þó ekkert hægt að fullyrða án frekari rannsóknar á staðnum.



Mynd 8. Horft til austurs yfir könnunarsvæðið á Breiðabólstað. Lengst til vinstri standa men við skurð 1 og 2. Fyrir miðju sést uppmokstur úr skurði 3 og lengst til hægri sést uppmokstur úr skurði 4 (GÓL-1996-21-9).

Skurður IV

Skurðurinn var tekinn skammt frá suðvesturhorni kirkjugarðsins. Hann var um 60 cm breiður og 1,7 m að lengd. Dýptin var um 80 cm. Ekki var mikið að sjá í þessum skurði. Engar hleðslur voru sýnilegar. Neðst í skurðinum, ofan á óhreyfða laginu var sennilega dökkgráa gjóskulagið. Þar ofan á var um 8 cm þykkt ljósgrátt mannvistarlag. Svo virtist sem hér hafi bæst við um 40 cm þykkt jarðvegslag þegar garðurinn var sléttaður.

4. Niðurstöður

Fornleifakönnunin leiddi í ljós mjög áhugaverðar minjar sem spennandi hefði verið að rannsaka nánar. Í skurði 1 var komið niður á leifar af íveruhúsi frá upphafi landnáms á staðnum (M4). Þó að aðeins hafi verið opnuð smá glufa inn í fortíðina þá benda minjarnar til þess að þarna leynist skáli frá fyrstu öldum landnáms á Íslandi. Gólfskánin og seyðirinn falla vel að þeirri niðurstöðu. Af mannvistarlögum 10 og 11, ofan við neðsta gólfið, mátti ráða að byggt hafi verið á þessum sama stað í nokkrar aldir, en að svo hafi bærinn verið fluttur annað. Lög 7 – 9 virtust helst vera byggingarleifar og fokmold. Grjóthleðslan (M3, lög 3-4) sem gerð var úr stórum tilhöggnum steinum var um 50 cm ofar í jarðveginum en upphaflega byggingin á staðnum og er því miklu yngri. Miðað við afstöðu mannvistarlaga má líklega aldursgreina þá hleðslu til tímabilsins á milli 1500 og 1800. Hún virtist hafa verið bogadregin og því spurning hvort hún var úr byggingu eða hvort hún var hluti af grjótgarði, annað hvort túngarði eða kirkjugarðsvegg. Einnig er erfitt er að segja hvort torfið (Lög 2, 5 og 6) hafi tilheyrt þessum grjótvegg, sem hleðslur eða hrun, eða öðru mannvirki frá sama tíma. Tilhöggnu steinarnir komu líklega úr hleðslum 3 og 4. Rannsóknin skar ekki úr því hvort þeir hefðu upphaflega verið gerðir sérstaklega fyrir þá hleðslu, eða hvort gamalt hleðsluefni á staðnum hefði verið endurnýtt.

Hellan sem komið var niður á í skurði 3 er tengist hugsanlega mannvirki (M5) sem stóð eða stóð til að byggja á svæðinu vestan við núverandi kirkju og kirkjugarð. Hins vegar er ekki hægt að tengja þessa hellu eða tilhöggnu steinana sem fundust í skurði 1 við ætlaðar byggingarframkvæmdir við steinkirkju á miðöldum, nema að umfangsmeiri fornleifarannsókn geti leitt slíkt í ljós. Tilhöggnu steinarnir eru einstakur fundur á Íslandi og það verður að teljast merkileg tilviljun að þeir skyldu finnast á þeim eina stað sem heimildir eru um að byggja hafi átt steinkirkju á Íslandi á miðöldum. Sú litla fornleifakönnun sem þessi skýrsla fjallar um, hefur því fyrst og fremst leitt í ljós að á Breiðabólstað leynast mjög forvitnilegar og ekki síst óvenjulegar og spennandi minjar í jörðu, sem ná allt aftur á landnámsöld, minjar sem vakið hafa upp margar spurningar og sem væru mjög áhugavert rannsóknarefni síðar meir.



Mynd 9. Austasti hluti í skurði 1 sem sýnir gólf og seyði í elsta mannvirkinu, grjótgarðinn yfir því og þykkt mannvistarlaga þar á milli (GÓL-1996-21-7).

5. Fundaskrá

1. *Tilhöggvinn steinn* úr rauðu þursabergi (ÞJMS 1996:153). Brotið er af öðrum enda hans og fylgja tvö brot með steininum. Hann er um 50 x 43 x 40 cm að stærð. Ef brotunum tveimur er bætt við lengdina yrði hann um 55 cm langur í stað 40 cm. Annað brotið er 38 x 25 x 16 cm, hitt er um 19 x 15 x 12 x cm. Meitilför eru á sléttri hlið steinsins og á framhlið hans er prófílering höggvinn í steinninn. Steinninn kom upp úr skurði 1, þegar vélgrafan gróf þar fyrir girðingarstaur umhverfis kirkjugarðinn.
2. *Tilhöggvinn steinn* úr grágryti (ÞJMS 1996:154). Stærð hans er um 45 x 40 x 26 cm. Allar fjórar hliðar hans eru tilhöggnaðar og sjást meitilför greinilega. Dálítið hak, um 10 x 8 cm stórt, er höggvið inn í eitt hornið. Brotnað hefur ofan af hluta steinsins. Steinninn kom upp úr skurði 1 þegar grafið var fyrir girðingarstaurnum.
3. *Tilhöggvinn steinn* úr dökkgráu þursabergi (ÞJMS 1996:155). Stærð hans er um 55 x 29 x 22 cm. Ein hlið er slétt og sjást á henni meitilför. Ferstrent hak er höggvið ofan í hliðina. Það er um 10 x 11 cm stórt og hæð þess er um 9 cm. Hugsanlega er stallur höggvinn úr öðrum gaffli steinsins.



Mynd 10. Tilhöggvinnir steinar (ÞJMS 1996:153 og 154) sem komu upp úr skurði 1 (GÓL-1996-21-12).

4. *Tilhöggvinn steinn* úr rauðu þursabergi (ÞJMS 1996:156). Tvö brot eru af þessum steini. Annað er um 22 x 14 x 18 cm að stærð, hitt er 22 x 14 x 13 cm. Kom úr skurði 1.
5. *Tilhöggvinn steinn* úr dökkgráu þursabergi (ÞJMS 1996:157). Þetta er brot er mjög sundursprungið. Ummál þess er um 26 x 18 x 13 cm. Kom úr skurði 1.
6. Rautt þursaberg (ÞJMS 1996:158), tvö brot um 20 x 12 cm og 18 x 14 cm að stærð. Hugsanlega er þetta úr kirkjugarðshleðslu. Kom úr holu 1.
7. Dökkgrátt þursaberg (ÞJMS 1996:159), sennilega úr kirkjugarðshleðslu. Stærðin er um 27 x 24 x 7 cm. Kom úr skurði 1.
8. *Jarðvegssýni* úr seyði (ÞJMS 1996:160). Tilheyrir mannvirki neðst í skurði 1.

9. *Gólfskán* úr mannvirki 4 neðst í skurði 1 (ÞJMS 1996:161). Um er að ræða samhangandi köggul úr gólfinu auk nokkurra viðarkolamola, brenndra beinagna og smásteina sem voru í gólfinu. Sjá greiningu Garðars Guðmundssonar á sýninu í viðauka bls. 16.
10. *Jarðvegssýni* úr seyði og gólfskán (ÞJMS 1996:162) úr mannvirki 4 í skurði 1. Sjá greiningu Garðars Guðmundssonar á sýninu í viðauka bls. 15.
11. *Dýrabein* úr seyði (ÞJMS 1996:163) í mannvirki 4. Beinín eru sennilega flest höfuðbein úr lambi sem lá undir efsta steinalaginu í seyðinum (lag 14) í skurði 1. Sjá greiningu Garðars Guðmundssonar á sýninu í viðauka bls. 15-16.
12. *Viðarkol* úr seyði (ÞJMS 1996:164) í mannvirki 4 (Lag 14) í skurði 1.
13. *Dýrabein* úr skurði 2 (ÞJMS 1996:165). Um er að ræða nautgripabein, leggur og háslíður.
14. *Gjóskusýni* úr skurði 2 (ÞJMS 1996:166). Virtist vera í óhreyfðu lagi undir elstu mannvistarlögum.
15. *Dýrabein* úr skurði 1 (ÞJMS 1996:167). Beinín sem fundust flest á um 1 m dýpi voru úr eftirfarandi dýrum: Hestur (*Equus* c.), nautgripur (*Bos* t.), kind/geit (*Ovis/capra* sp.), fiskur, sennilega lúða. Thomas McGovern annaðist frumgreiningu beinanna.
16. *Skeljasandur* (ÞJMS 1996:168). Sýni tekið ofan af rauðri hellu í skurði 3, á um 1 m dýpi. Hugsanlega hefur skeljasandurinn verið notað í steinlím.
17. *Skeljasandur* (ÞJMS 1996:169). Sýni tekið ofan á rauðri hellu, um 1 ½ m ofar (austar) en sýni 16 í skurði 3. Hugsanlega var sandurinn notaður sem steinlím.
18. *Bein* (ÞJMS 1996:170) úr skurði 3. Beinín komu úr mannvistarlagi sem var undir hellulögn úr rauðu þursabergi. Þetta eru hugsanlega rifbein úr húsdýrum. Eitt lítið bein virtist vera skorið þvert fyrir þannig að sléttur kantur myndaðist.

Ýmsar heimildir

Í framhaldi af rannsókninni reyndu skýrsluhöfundar að finna heimildir sem varpað gætu einhverju ljósi á fundinn á Breiðabólstað. Ekki síst hvernig skýra mætti skeljasandinn og steinhelluna. Ef byggja átti kirkjubyggingu úr steini sem bundin var með innlendu steinlími þurfti að uppfylla a.m.k. tvö atriði. Þekking á steinsmiði þurfti að vera til staðar og hráefni varð helst að vera tiltækt í nágrenni við byggingarstað. Hér að neðan er fjallað um þessar heimildir

Skeljasandur

Í ferðabók Ólavíusar sem rituð er á 18. öld er fjallað lítillega um notkun jarðefna og þar á meðal kalkgerð. Þar segir eftirfarandi: *Í stað kalks, sem vantar á Íslandi, mætti nota ýmist límkenndan strand- eða jarðarleir, en í þeim fyrrnefnda er venjulega eitthvað af sjávarsalti, en brennisteinssalt í hinum, og eykur það bindingskraft leirsins, eða skeljakalk, sem er talið öllu kalki endingarbeta og jafnvel beta óbrennt en brennt kalk, ef það einungis er fínulið og sáldað áður en það er notað.*⁷ Ólavíus tilgreinir einnig hvar skeljasand er að finna við Húnaflóa. T.d. nefnir hann skeljasandsfjörur í Spænskuvík á Ströndum, þar sem sandur og hvítur skeljasandur sé um alla víkina og Skeljavík, þar sem sé sandur og skel í botni víkurinnar.⁸ Einnig kemur fram að hjá Hofsósi sé sjávarbotninn úr mjúkum leir og skeljasandi.⁹ Sennilega er vart mera en eins til tveggja daga bátsferð að sækja skeljasand til þessara staða frá Breiðabólstað. Möguleiki á að notaður hafi verið innlendur skeljasandur er því fyllilega raunhæfur.

⁷ Ólafur Ólavíus 1965, II:147-148, neðanmálgrein.

⁸ Ólafur Ólavíus 1964, I:263-264.

⁹ Ólafur Ólavíus 1964, I:329.

Grjótnám

Ekki er með fullri vissu vitað hvaðan rauða og svarta þursabergið er upprunnið er þetta er skrifað. Að sögn heimamanna er hugsanlegt að klettar úr þursabergi séu í fjallinu upp af Breiðabólstað, en það var ekki kannað nánar. Þegar jarðfæðikort af Íslandi var skoðað virtust hins vegar næstu móbergsmýndanir vera norðan Langjökuls, í um 50 km fjarlægð suður af Breiðabólstað.¹⁰ Afar áhugavert væri því að fá úr því skorið hvaðan steinarnir eru komnir.

Steinkirkjur

Talið er að fyrstu steinkirkjur í Noregi hafi verið reistar á 11. öld. Bæði í Þrándheimi, Bergen, Osló og víðar voru reistar steinkirkjur á 11. og 12. öld. Í sökklum þessa voru gjarnan hafðir stórir steinar með tilhöggnum skrautprófum.¹¹ Hugsanlegt er að íslendingur sem séð hafi þessi mannvirki hafi fengið hugmynd að byggingarefninu þaðan.

6. Heimildaskrá

Ágúst Sigurðsson. (1963). Breiðabólstaður í Vesturhópi, *Tíminn, Sunnudagsblað*, 14.4. bls. 338-339.

Ágúst Sigurðsson. (1976). *Forn frægðarsetur I*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1926). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Biskupasögur og kristnisaga I. (1946).

DI:I. (1857-76). Íslenskt fornbréfasafn *sem hefi inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland og íslenska menn* (I bindi 834 - 1264). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

D.I. II. (1893). Íslenskt fornbréfasafn *sem hefi inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland og íslenska menn* (II bindi 1253 - 1350). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

D.I. V. (1899-1902). Máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar. Íslenskt fornbréfasafn *sem hefi inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland og íslenska menn* (V bindi 1330 -1476). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Guðbrandur Jónsson. (1919-1929). *Dómkirkjan á Hólum: Lýsing íslenskra miðaldakirkna*. Reykjavík: Gutenberg.

Hans Emil Lidén. (1968). "Profil, 2. Stein". Kulturhistorisk leksikon XIII:487-493.

Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson. (1989). Jarðfræðikort 1:500.000. Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands.

Ingi Rúnar Eðvarðsson. (1994). Prent eftir mennt. Saga bókagerðar frá upphafi til síðari hluta 20. aldar. *Safn til iðnsögu Íslendinga, VIII. bindi*. Reykjavík.

Klemens Jónsson. (1930). *Fjögur hundruð ára saga prentlistarinnar á Íslandi*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.

Íslensk fornrit I. (1968). Landnámabók, Íslendingabók. Reykjavík

Ólafur Ólavíus I-II. (1964-1965). Ferðabók. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Páll E. Ólafsson. (1948). *Íslenskar æviskrár*. Reykjavík.

Sturlungasaga I. (1988). Reykjavík: Svart á hvítu.

Sveinn Níelsson II. (1950). *Prestatal og prófasta*. Reykjavík.

Þjóðskrá Íslands. (2009). Íslandskort. Sótt 11.1.2012 af www.skra.is/pages/943#. Breiðabólstaður. Fasteignaskrá Íslands/Loftmyndir ehf.

¹⁰ Bragi Melax, munnl. heimild, Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson 1989.

¹¹ Hans Emil Lidén 1968:487-93).

Þorsteinn Jónsson, Steindór Steindórsson. (1984). *Landið þitt Ísland A-G*. Reykjavík.

Munnlegar heimildir

Bragi Melax sem er uppalinn á Breiðabólstað hefur skráð minjar og örnefni þar. Hann kvaðst hafa heyrt að Illugi hefði druknað á sleðaferð á Vesturhópsvatni þegar hann var að sækja steinlím (eða steina). Hann sagði einnig að út á Skaga væri blettur þar sem móberg væri að finna.

7. Viðauki

Garðar Guðmundsson fornvistfræðingur fékk þrjú sýni til rannsóknar og fylgir greinargerð hans hér í viðauka.

Greinargerð um þrjú jarðvegssýni frá Breiðabólstað 1996.

Garðar Guðmundsson

Sýni 1996:162

Sýnið merkt: Breiðabólstaður 20/8'96 ☞ Jarðvegssýni úr seyði 1996:162.

Sýnið var rakt, svar-brúnt og laust í sér, en með nokkrum, misstórum mjúkum kögglum. Viðarkol og bein, bæði brennd og óbrennd, sjáanleg berum augum.

Sýnið vóg í heild 1340 g og var 1700 ml að rúmmáli. Því var skipt í tvo jafna hluta, 670 g og 850 ml hvor. Annar hlutinn var geymdur, en hinn þveginn og vatnssigtaður í gegnum sigti með möskvastærð 1 mm og 0,3 mm. Innihald sigtanna var síðan þurrkað sitt í hvoru lagi, og skoðað.

Eftir vatnssigtun, vegur sýnið 155,23 g og er um 200 ml að rúmmáli. Mikill meginhluti þess eru smáar steinvölur og sandur. Lífrænar leifar eru aðallega bein, bæði brennd og óbrennd, viðarkolabrot, það stærsta 2-2,5 sm í þvermál og 1,5-2,5 sm langt og kolaðir og hálfbrunnir smákvistir, brumhnappar og trjá- eða lyngbörkur. Auk þessa eru í sýninu ein löpp af skordýri og hluti af skordýrabúk. Einungis tvö fræ fundust, bæði koluð (sjá töflu hér að neðan), einnig nokkur koluð gró.

Tegund	Magn
<i>Stellaria media</i> (haugarfi)	1
cf. <i>Rumex acetosa</i> type (túnsúra)	1
gró	3

Þessi tvö fræ gefa ekki tilefni til mikillar umfjöllunar. Haugarfi vex víða við mannabústaði og var nýttur til átu og lækninga og fræ af haugarfa, bæði koluð og ókoluð, eru algeng í sýnum úr íslenskum fornleifauppgröftum. Flestar íslenskar starartegundir eru votlendisjurtir, þó finnast hér á landi einnig nokkrar tegundir sem vaxa í þurrlandi. Stör voru slegin og gefin skepnum og vel kann að vera að stararfræið sem í þessu sýni fannst hafi borist til bæjar með þeim hætti. Einnig er mögulegt að fræið hafi komið í hús í mó eða borist með hrísi og lyngi sem notaður var til eldsneytis.

Sýni 1996:163

Sýni úr seyði, bein og fleira. Samskráp í kringum höfuðkúpu lambs. Ekki fleytt. 29.68 g; ca 52 ml.

Mjög lítið af lífrænu efni. Smátt, < en 1 sm. Beinbrot, brennd og óbrennd, kvistir, viðarkol, börkur brenndum og óbrenndum, brumknappar, og smágreina (? lyng).

Sýni 1996:161

Sýnið merkt: Breiðabólstaður 20/8'96 ◊ Gólfskán úr landnámshúsi 1996:161.

Í upphaflega sýninu voru sex smásteinar, nokkur viðarkolabrot og tveir kögglar úr meintu gólfi. Annar, sá minni, var um það bil 6 x 3,5 sm og 1 sm á þykkt, en sá stærri var 7 x 5 sm og þykkastur 1,9 sm. Sýnið allt vóg 75.17 g (þar af steinar 39.42 g, viðarkolabrot 2.36 g, minni köggullinn 13.15 g og stærri klumpurinn 20.24 h)) og var rúmmál ca. 70 ml. Stærri gólfköggullinn (20,24 g, ca. 40 ml) var vatnssigtaður í gegnum 0,3 mm sigti og þurrkaður.

Eftir vatnssigtun vegur sýnið 3.50 g og er ca. 8 ml. Meginhluti sýnisins er sandsalli

Tegund	Magn
cf. <i>Montia fontana</i> (lækjagrýta)	1
cf. <i>Capsella bursa-pastoris</i> (hjartaarfi) ókolað	2
gró	<10